

**Sp. 13. Tillaga til þingsályktunar [13. mál]**

um orlofsbúðir fyrir almenning.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Árni Gunnarsson,  
Magnús H. Magnússon, Karvel Pálmason, Eiður Guðnason,  
Kjartan Jóhannsson.

Alþingi ályktar að kjósa 7 manna nefnd til þess að gera tillögu um hvernig nota skuli jarðeignir í eigu ríkissjóðs og stofnana ríkisins undir skipulögð orlofsbúða- og útivistarsvæði fyrir almenning.

Nefndin skal gera tillögur um landnýtingu í þessu skyni í þágu einstaklinga, félaga og samtaka, sem áhuga hafa á að koma sér upp orlofsdvalar- og útivistaraðstöðu til eigin nota. Nefndin skal einnig gera tillögur um hvaða reglur skuli settar í því sambandi, hvaða leigugjöld skuli greidd og hvaða jarðeignir ríkissjóðs og stofnana ríkisins komi til greina að nýta í þessu sambandi.

Nefndin skal ljúka störfum á árinu 1982 og skila forsetum Alþingis skýrslu um niðurstöður sínar.

Kostnaður við störf nefndarinnar skal greiddur úr ríkissjóði.

**Greinargerð.**

Stærsti landeigandi á Íslandi er þjóðin sjálf. Í umboði þjóðarinnar fara ríkisvaldið og stofnanir þess með umsýslu á fjölmörgum bújörðum og öðrum jarðeignum. Mörgum þessara jarða fylgja umtalsverð hlunnindi. Sumar jarðirnar eru nýttar til búskapar og leigðar ábúendum. Aðrar eru ýmist ekki nýttar með slíkum hætti ellegar leigðar út fyrst og fremst vegna ýmissa hlunninda sem þeim fylgja.

Þegar þetta er skrifað liggur ekki ljóst fyrir hversu miklar eignir er hér um að ræða, sem jarðadeild landbúnaðarráðuneytisins hefur umsjá með svo og þær jarðeignir aðrar sem eru í umsjá annarra aðila og stofnana ríkisins. Ekki er heldur ljóst né finnanlegar á einum stað upplýsingar um með hvaða hætti þessar jarðeignir eru nýttar — hvaða jarðnæði nýtt er og hvernig og hvaða leigugjald er greitt. Þó er vitað að mjög margar jarðeignir ríkissjóðs og stofnana ríkisins eru ekki nýttar til búskapar nema að hluta til, en margar hverjar leigðar fyrir lága leigu vegna ýmissa hlunninda sem jörðunum fylgja. Er þar m. a. um að ræða ýmsar

kostamiklar jarðeignir, jarðeignir í fögru umhverfi og jarðeignir sem umtalsverð hlunnindi fylgja, svo sem veiðiréttur.

Á sama tíma og þjóðin er stærsti landeigandi í eigin landi, ef litið er til þeirra jarða sem ríkið og stofnanir þess fara með, er stöðugt verið að kreppa að almenningi hvað varðar umgengni og afnot af landi. Í heilum héruðum er jafnvel bönnuð berjatínsla. Enn frekari bönn liggja við veiðiskap af ýmsu tagi og er að minnsta kosti hæpið að sum þau bönn eigi stoð í lögnum. Þá er einnig stöðugt erfiðara fyrir almenning að fá aðgang til almennrar útivistar nema þá á sérstökum afmörkuðum svæðum á landinu, og er jafnvel orðið erfitt að fá leyfi til að slá niður tjöldum á alfaraleiðum. Þá hefur það einnig gerst í vaxandi mæli að fólk, einkum í þéttbýli, hefur öðlast áhuga á að reisa sér sumarbústaði úti á landsbyggðinni til þess að breyta með þeim hætti um umhverfi hluta ársins og komast í snertingu við íslenska náttúru. Eru ýmsir örðugleikar á slíku, bæði að fá leyfi og eins fara leigugjöld fyrir afnot af slíkum svæðum ört hækkandi.

Þá hefur að sama skapi aukist áhugi almennings á veiðiskap hvers konar, og enda þótt það sé viðurkennd staðreynd að flestöll fiskivötn á Íslandi séu ofsetin, svo til skaða horfir, þá er víða amast við veiðiskap almennings eða gerðar kröfur um há leigugjöld enda þótt aðstaða, sem veitt er á móti, sé oft af mjög skornum skammti.

Við þessar aðstæður er eðlilegt að athugað sé hvort stærsti jarðeigandi á Íslandi, íslenska þjóðin sjálf, eigi ekki að nýta jarðnæði sitt fyrir sjálfa sig. Með tillögu þessari er lagt til að svo verði gert, Alþingi kjósi nefnd til þess að gera tillögur um fyrirkomulag þjóðarnota á þjóðarjörðum þannig að almenningur fái aðgang bæði til útivistaraðstöðu og til þess að koma sér upp orlofsaðstöðu á ríkisjörðum gegn hóflegu gjaldi.

Sérstök athygli skal vakin á því, að með tillögu þessari er ekki lagt til að bújarðir í eigu ríkissjóðs og stofnana ríkisins, sem nýttar eru til búskapar, verði teknar úr byggð, heldur að áherslan sé lögð á þær jarðir sem nú eru ekki nýttar í slíku skyni, en hafa upp á að bjóða náttúrufegurð svo og aðra þá aðstöðu sem eftirsóknarverð kann að vera fyrir almenning. Að sjálfsögðu koma þar margs konar nytjar til greina því þarfir fólks til umgengni við land sitt eru margvíslegar og misjafnar, en slíkri tillögugerð þurfa að sjálfsögðu að fylgja hugmyndir um reglur og gjöld sem setja þarf til þess að tryggja gróðurvernd og góða umgengnishætti við landið.

Í tillögunni er jafnframt gert ráð fyrir því, að umrædd nefnd, sem Alþingi kjósi, ljúki störfum á árinu 1982 og skili forsetum Alþingis skýrslu um niðurstöðu sína. Gætu þá niðurstöður orðið hvort heldur sem er tilefni til almennrar lagasetningar um aðgang almennings að jarðnæði í almenningseign eða til annarra aðgerða á sviði skipulagsmála, leigumála eða solumála á landi ríkisins í því skyni.

Þingmenn Alþýðuflokksins hafa á undanförunum þingum flutt ýmis þingmál um þjóðar eign á landi og aðgang og afnot íslensku þjóðarinnar af eigin landi. Með flutningi slíkra þingmála hafa þingmenn Alþýðuflokksins lagt til að þeim fjölmenna hópi þjóðfélagsþegna, sem nefndur hefur verið „hinn landlausi almenningur“, verði veittur aðgangur að landi því sem allir eru sammála um að sé eign alþjóðar þegar um er að ræða fjárþarfir þess vegna, en lítill hópur manna telur sig eiga allan umráðarétt yfir þegar um aðgang og afnot er að ræða. Á þinginu í vetur munu þingmenn Alþýðuflokksins flytja þessa stefnu með nýjum hætti — þ. e. a. s. í stað þess að flytja hana í formi þingsályktunartillögu um almenna stefnumörkun munu þeir flytja mörg sjálfstæð þingmál er lúta að hverjum einstökum þætti þess máls að tryggja þjóðarheildinni afnota- og umgengnisrétt yfir eigin landi.

Tillaga sú til þingsályktunar um orlofsbúðir fyrir almenning, sem hér er flutt, er eitt þeirra þingmála.